


# Notkun Humidur við málun stálbita í brú yfir Héraðsvötn

Lilja Magnúsdóttir og Kjartan J. Hauksson, Sjótaekni ehf

## Um verkefnið

Sjótaekni ehf og Acotec AS í Belgíu kynna reynslu af notkun efnisins Humidur í fyrsta skipti á Íslandi á málun stálbita á brúnni yfir eystri ós Héraðsvatna í Skagafirði.




## Niðurstöður

Verkefnið hófst í lok júlí 2019 með uppsetningu vinnupalla og aðstöðu og var lokið í byrjun október. Efnið Humidur var borið á öll samskeyti stáls og þar sem steypa og stál mættust áður en málun fór fram og síðan var efninu úðað á allt stálið. Efnið þarf að hita upp í 30°C til að hægt sé að úða því, miðað við veðurfarsleg skilyrði sem gilda um málun. Aðeins þarf eina umferð af efninu á stálið og um leið og búið er að úða þolir Humidur sjó eða regn. Aðeins tók um 45 klst að úða Humidur á alla brúna eftir að búið var að sandblása stálið.

## Markmið verkefnis

Markmið verkefnisins var að fá reynslu af notkun Humidur við íslenskar aðstæður, endingu þess og verklagi við notkun. Efnið Humidur er þróað og framleitt af fyrirtækinu Acotec í Belgíu með lágmarks umhverfisáhrif og góða endingu að markmiði og hentar til að nota í hvers konar vatnsumhverfi við yfirborðsviðgerðir á höfnum, brúm, virkjunum og öðrum mannvirkjum.



## Verkstaður og vinnutilhögun

Brúin yfir eystri ós Héraðsvatna í Skagafirði er 130 m löng einbreið stálbitabrá með steypu gólfi. Staðurinn er mjög opinn fyrir norðanvindum og þar með særoki með tilheyrandi álagi á stálbitana. Bitarnir voru sandblásnir og síðan var Humidur úðað á þá. Til að komast að bitunum undir miðri brúnni var notaður fljótandi vinnuprammi með vinnupalla fyrir starfsmenn og málningarsprautu.

